

Mánudaginn 13. október 1997.

Nr. 417/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Gunnari Ólafssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur yrði kveðinn upp í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 8. október 1997. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur, þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 26. nóvember nk. kl. 16.00.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, enda þykja ekki efni til að verða við kröfu sóknaraðila um lengra gæsluvarðhald í ljósi þess tíma, sem það hefur þegar staðið, og dráttar á útgáfu ákæru í málinu, sem ekki hefur verið skýrður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Gunnari Ólafssyni, kt. 121174-3329, Smárahvammi 8, Hafnarfirði, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 26. nóvember nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Upphaf máls þessa má rekja til rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar á innflutningi 783 e-taflna með pósti.

Ákærði hefur neitað að eiga nokkra aðild að fíkniefnainnflutningi þessum, en eins og fram kom í forsendum úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 29. ágúst sl., um gæsluvarðhald yfir ákærða á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og staðfestur með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. september sl., var talinn sterkur grunur leika á, að ákærði ætti einhverja aðild að innflutningi þessum. Ákæra í máli þessu, S-721/1997: Ákærvaldið gegn Sigurði Þórðarsyni, Péttri Ásgeirssyni, Péttri Bruno Scheving Thorsteinssyni og Gunnari Ólafssyni, var birt ákærða í þinghaldi í dag, og er ákærða þar gefinn að sök verknaður, sem telst varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða hefur mótmælt því, að ákærði sæti lengur gæsluvarðhaldi, og hafa mótmælin verið reist á því, að óafsakanlegur dráttur hafi orðið á útgáfu ákæru, eftir að rannsókn málsins lauk, og einnig, að hlutur ákærða sé að miklum mun minni en annarra ákærðu í broti þessu. Eins og að framan greinir, hefur áður verið fallist á gæsluvarðhald yfir ákærða á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og stendur gæsluvarðhald, sem er úrskurðað á grundvelli þess lagaákvæðis, jafnan, þar til máli lýkur. Eins og máli þessu er háttað, verður því ekki talið, að ofangreind sjónarmið verjanda ákærða geti varðað því, að ákærði fari frjáls ferða sinna.

Með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður að fallast á þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Gunnar Ólafsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til föstudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.